


Bláfell



Heildar vegalengd: 8km

Byrjað er 580 m hæð, 620 m hækkun

Þessi gönguleið er fyrir fólk sem vill fá aðeins meiri hreyfingu og fara í dagsferð.

Krefjandi leið og er rétt að áætla sér 4-5 klst .

Ekið er upp Biskupstungur og fram hjá Gullfossi og haldið áfram inn á Kjalveg F35. Malbikað er langleiðina inn eftir en síðustu 10 km er malarvegur. Eftir að keyrt er yfir Grjótá þá er keyrt upp Bláfellsháls. Þegar upp er komið má finna útskot/gömul náma á hægri hönd. Þar er gott að leggja og er þaðan stikuð leið er að fjallinu. Frekar greiðfært er á fjallið en bratt til að byrja með og nokkuð grýtt þegar upp er komið. Þetta er krefjandi ganga en vel þess virði. Póstkassinn stendur við mastrið á hátindi fjallsins og þaðan er stórglæsilegt útsýni.

Bláfell er 1204 metra hátt og tignarfjall sem sést vel úr uppsveitum Árnassýslu og setur mikinn svip á hálendið ásamt Jarlhettum, útvörðum Langjökuls. Af Bláfelli er einstakt útsýni norður yfir Kjöl og til suðurs yfir sveitirnar.

*Stór er Íslands eilíf mynd,
-enn er tjaldið dregið frá:
Bláfell upp í ljómans lind
Lýftist hreint úr daggarsjá.
Móðir guðs hinn tigna tind
Tásu hvíta breiðir á
Jóhannes úr kötlum (leiksvið)*



Áður fyrr var Bláfell líkt og mörg önnur hálendissvæði sveipað dulúð og talið heimkynni útilegumanna og óvætta af ýmsu tagi. Ein frægasta tröllasaga sunnan heiða er vafalítið saga Bergþórs í Bláfelli.

Bergþór var risablendingur sonur Þórólfs sem bjó í Þórólfsfelli og Hallgerðar í Hlöðufelli. Kona Bergþórs var Hrefna og bjuggu þau í Bláfelli. Þegar þjóðin tók upp kristna trú varð

Hrefna leið í Bláfelli og undi ekki hag sínum að líta yfir byggðina. Meðan Bergþóri lynti vel við menn varð viðskilnaður við Hrefnu og hún flutti innar í landið, norðan Hvítárvatns og tók sér bólfestu í Hrefnubúðum. Þó er talið að tröllin hafi hist við silungsveiðar á Hvítárvatni.

Bergþór þótti forspár og margvís og margar sögur til af samskiptum hans við menn. Hann bað eitt sinn bónda á bæ einum að gefa sér að drekka og meðan bóndinn sótti drykkinn klappaði Bergþór holu í bergið við bæinn. Nefndi Bergþór það við bóndann að hann skuli hafa ker þar sem hann klappaði í bergið og geyma í því sýru. Segir Bergþór bónda að hvorki muni vatn blandast saman við sýruna né frjósa í kerinu en hundraðsmíssir verði ábúanda ef hann ei notar kerid. Hefur virðing fyrir þessu haldist fram á þennan dag og alltaf passað upp á að hafa sýru í kerinu. En frægasta sagan af Bergþóri er um endalok hans og samskiptin við bóndann í Haukadal. Þannig var að hann kom að máli við bóndann og bað um legstað þar sem heyra mætti árnid og klukknahtjóm. Biður hann bónda að vitja sín í Bláfell þá er göngustafur hans birtist fólki við bæjarhúsin og flytja sig í Haukadal, að launum mætti hann eiga það sem væri í katli við rúmið. Löngu seinna birtist stafur Bergþórs í bæjardyrnar og lætur bóndi smíða kistu og fer við nokkra menn norður í Bergþórshelli. Þar finna þeir Bergþór dauðan í rúmi og láta í kistuna. Bóndi sér stóran ketil við rúmið en finnur ekkert nema viðarlauf í katlinum og þótti sem Bergþór hefði gabbað sig. Ekki hirti bóndi um að taka úr katlinum lafið en einn fylgdarmanna fyllti vettlinga sína með laufunum. Þegar komið er til byggða eru vettlingar mannsins fullir af gulli. Sneri þá bóndi við og hugðist sækja lafið í ketilinn en fannst þá ekki hellirinn, en fjársjóðurinn er talinn vera enn í fjallinu. Bergþór var jarðaður norðan kirkjugarðsins í Haukadal og heitir þar Bergþórsleiði.